



SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

HANDBÓK 2023 FYRIR SKÓGRÆKTARFÉLÖG




INNGANGUR

Skógræktarfélag Íslands var stofnað árið 1930 og er landssamband skógræktarfélaganna í landinu. Markmið þess er að vinna að framgangi skóg- og trjáræktar í landinu, vera málsvári skógræktarfélaganna og standa vörð um þeirra hagsmuni, stuðla að hverskonar umhverfisbótum og leggja sitt af mörkum gegn loftslagsbreytingum með kolefnisbindingu og endurheimt skóga. Skógræktarfélag Íslands vinnur því náið með Skógræktinni, öðrum viðeigandi stofnunum og einkaaðilum.

Skógræktarfélag Íslands veitir aðildarfélögum sínum ráðgjöf um skógrækt (t.d. skipulag skógræktar), lagalega aðstoð og aðstoð við gerð samninga um skógræktarsvæði við sveitarfélög. Félagið er líka mikilvægur félagslegur vettvangur aðildarfélaganna þar sem byggst hefur upp um áraraddir samfélag áhugafólks um trjárækt, endurheimt skóga og skógrækt. Alls eru um 7.500 félagsmenn aðilar að 64 skráðum aðildarfélögum, sem samsvarar um 2% íslensku þjóðarinnar.


Skógargeirinn er í örri þróun hérlandis og koma ýmsir aðilar þar að. Hin félagslega hlið skógræktar leikur lykilhlutverk í starfsemi Skógræktarfélags Íslands og aðildarfélaga þess þegar kemur að uppbyggingu útivistarskóga, auk áherslu á baráttu gegn loftslagsbreytingum, aukinn lífbreytileika og uppbyggingu skógarauðlindar, bæði timbers og annarra skógarafurða.



Skógræktarfélögin eru brú milli almennings og skógargeirans. Þau eru erindrekar jarðvegsverndar, aðgerða gegn rofi, kolefnisbindingar og skjóls og útivistarmöguleika fyrir nærsamfélagið. Skógræktarfélögin eru því almennt sjálfbóðaliðasamtök, sem móta sjálf hvernig þau byggja sitt félag upp. Hvert félag er með stjórn sem inniheldur formann, varaformann, gjaldkera og ritara, auk varamanna ef þarf. Félögin hafa eigin lög og halda aðalfund árlega til að fara yfir stöðu mála, kjósa stjórn og fara yfir fjármálin.

Skógræktarfélögin eru kjarninn í Skógræktarfélagi Íslands. Á hverju hausti hittast félögin á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands, en aðildarfélögin (ein sér eða tvö/fleiri saman) skiptast á að vera gestgjafar fundarins. Fundurinn er tækifæri til að kynna starfsemi þíns félags, læra um starf annarra félaga, heimsækja áhugaverð skóglendi og frá fræðslu um helstu nýjungar innan skógræktar. Aðalfundurinn er einnig mikilvægur félagslegur vettvangur, þar sem fulltrúar geta myndað og endurnýjað tengsl við aðra innan skógræktarhreyfingarinnar.

Á aðalfundinum er stjórn Skógræktarfélags Íslands kosin, gerðar breytingar á lögum félagsins þegar þarf og rætt um helstu málefni sem brenna á skógræktargeiranum. Því er mikilvægt að fulltrúar frá sem flestum félögum sitji fundinn, því fulltrúarnir kjósa stjórnina - sem tekur ákvarðanir um starfsemi Skógræktarfélags Íslands og hlutverk þess - auk þess sem á fundinum eru samþykktar ályktanir. Við bjóðum því fulltrúa allra félaga hjartanlega velkomna á aðalfundinn - því fleiri sem mæta því betur getum við aðstoðað aðildarfélögin okkar.



VERKEFNIN OKKAR


Við sinnum mörgum verkefnum, sem vel flest tengjast skógræktarfélagunum á einn eða annan hátt.

Verkefni og starfsemi fyrir félögin:

- **Landgræðsluskógar:** Skógræktarfélög geta fengið ókeypis plöntur til gróðursetninga í umsamin Landgræðsluskógasvæði.
- **Opinn skógur:** fundnir styrktaraðilar til að byggja upp aðstöðu í skógum skógræktarféлага, til að geta opnað þá formlega fyrir almenningi til útivistar, undir hatti Opins skógar.
- **European Solidarity Corps – Erasmus+:** Skógræktarfélag Íslands fær á hverju sumri evrópska sjálfbóðaliða til vinnu. Skógræktarfélögin geta sótt um að taka á móti þeim til gróðursetninga/vinnu í skógum.
- **Líf í lundi:** helgargleði í kringum Jónsmessu/sumarsólstöður með viðburðum í skógum skógræktarfélaganna.
- **Skógarfólkið:** nýtt verkefni síðan árið 2021 sem miðar að því að hjálpa skógræktarfélögum sem standa höllum fæti við að skipuleggja viðburði og auka sýnileika innan síns samfélags.

Önnur verkefni:

- **Skógrækt:** umsjón með jólaskóginum í Brynjudal í Hvalfirði., gróðursetning á Úlfjótssvatni.
- **Kolviður:** í samvinnu við Landvernd, Kolviður gróðursetur tré á móti kolefnislosun einstaklinga/fyrirtækja.
- **Yrkja:** sjóður er úthlutar trjáplöntum til grunnskóla til gróðursetningar. Sótt er um árlega.
- **Tré ársins:** er útnefnt árlega, á grundvelli menningarlegs eða sögulegs gildis eða fágætis.
- **Gistiheimili á Úlfjótssvatni:** almennt gistiheimili að vetri til og listamannaíbúð
- **Önnur verkefni:** útgáfa Skógræktarritsins og Laufblaðsins, árleg fræðsluferð á erlenda grundu, Skógargátt vefsíðan.



STYRKJAMÖGULEIKAR

Flest skógræktarfélög sækja um styrki og aðra fjármögnun til að sinna verkefnum sínum. Hér er listi yfir nokkra möguleika.

- **Landgræðslusjóður:** megin áhersla sjóðsins er landgræðsla, gróðurvernd og útbreiðsla skóga. Einstaklingar, félög og stofnanir geta sótt um. Sótt er um einu sinni á ári, vanalega í febrúar/mars, sjá: www.skog.is/landgraedslusjodur/
- **Vorviður:** sjóður á vegum Skógræktarinnar, ætlaður frjálsum félagasamtökum til kolefnisbindingar með skógrækt. Styrkur til að endurgreiða plöntukaup. Umsókn var síðast í febrúar, sjá: www.skogur.is/is/nyskograekt/skoggraedsluverkefni/vorvidur-studningur-vid-skograekt-felaga-ogsamtaka
- **Nýmörk:** samvinnuverkefni Landgræðslunnar, Skógræktarinnar og Pokasjóðs, fyrir einstaklinga og samtök sem vilja kaupa plöntur. Umsókn er að vori til: www.nymork.is
- Einkaaðilar/fyrirtæki hafa styrkt skógræktarverkefni í gegnum tíðina. Sem dæmi má nefna **Alcoa Foundation**, sem hefur stutt skógræktarverkefni á Austurlandi: www.alcoa.com/foundation/en
- **Loftslagssjóður:** heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðherra. Hlutverk sjóðsins er að styðja við nýsköpunarverkefni á sviði loftslagsmála og verkefni er lúta að kynningu/fræðslu um loftslagsmál. Hægt er að sækja um tvisvar á ári (desember og mars), sjá: www.rannis.is/sjodir/rannsoknir/loftslagssjodur/
- Bankarnir hafa stutt við umhverfisverkefni. **Íslandsbanki** styrkir aðgerðir í loftslagsmálum. Sjá: www.islandsbanki.is/en/article/grant-application-en. **Landsbankinn** líka. Sjá: www.landsbankinn.is/bankinn/samfelagsstefna/studningur-vid-samfelagid/samfelagsstyrkir
- **Sveitarfélögin:** alltaf má athuga þitt sveitarfélag. Þau hafa í gegnum tíðina stutt við skógræktarfélög með láni á áhöldum, veitt styrki og lánað mannskap, og gerð samstarfssamninga.
- **Seeds Iceland:** íslensk sjálfbóðaliðasamtök sem útvega erlenda sjálfbóðaliða til að vinna að margsháttar verkefnum á Íslandi. Það er hægt að þróa verkefni með þeim og vinna með sjálfbóðaliðum. Sjá: [www.seeds.is/need-volunteers & wf.is/](http://www.seeds.is/need-volunteers&wf.is/)

Skógræktarfélag Íslands aðstoðar aðildarfélögin eftir getu við umsóknir, sérstaklega fyrir flóknari umsóknarferli. Hafið samband við starfsfólk okkar og biðjið um ráðgjöf eða aðstoð við gerð umsókna.



STYRKJAMÖGULEIKAR

Það eru til sérstakir styrkir til verkefna með félagslega áherslu:

- **Samfélagssjóður Landsvirkjunar:** Landsvirkjun úthlutar til verkefna með breiða samfélagslega skírskotun, þrisvar á ári - í mars, júlí og september. www.landsvirkjun.is/samfelagssjodur
- **Samfélagsstyrkir Orku náttúrunnar:** Orka náttúrunnar veitir samfélagsstyrki. Sjá nánar: www.on.is/samfelagssjodur-on/
- **Samfélagssjóður HS Orku:** HS Orka veitir styrki úr Samfélagssjóði tvisvar á ári, að vori og hausti. Sjá nánar: www.hsorka.is/um-okkur/storf-og-styrkir/samfelagssjodur-hs-orku/?grantapplication=true
- **SASS – Samtök sunnlenskra sveitarfélaga** eru með **Uppbyggingarsjóð Suðurlands**, sem veitir verkefnastyrki á sviði nýsköpunar, menningar og atvinnuþróunar á Suðurlandi, sjá: www.sass.is/uppbyggingarsjodur/. Athugið hvort til séu sambærilegir sjóðir á ykkar svæði.
- **Framkvæmdasjóður ferðamannastaða:** hefur veitt styrki til skógræktarféлага. Veitir styrki til uppbyggingar ferðaþjónustu/aðstöðu. www.ferdamalastofa.is/is/umhverfis-oggaedi/ framkvaemdasjodur-ferdamannastada.
- **Lýðheilsusjóður:** áhersla á að styrkja lýðheilsustarf, sjá: www.landlaeknir.is/umembaettid/ lydheilsusjodur/.
- Ýmsir möguleikar eru á styrkjum á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Styrkjaáætlanir innan **Nordic Culture Point** veita styrki til menningarverkefna á Norðurlöndum, sjá: www.nordiskkulturkontakt.org/en/.
- **Nordic Culture Fund** líka: www.nordiskkulturfond.org/en/apply-for-funding/
- Aðrir erlendir aðilar veita mögulega styrki til skógræktar. Sem dæmi þá býður **The Awesome Foundation** upp á styrki í gegnum the **Awesome Border Grant** til smærri verkefna, sjá: www.awesomefoundation.org/en/chapters/awesomewithoutborders
- Það eru líka fordæmi fyrir samstarfi við hina ýmsu aðila – skóla, kvenfélög, Rótarý og Lionsklúbba, Gróður fyrir fólk (sjá www.gff.is), skátahreyfinguna, listamenn o.fl.

Líf í Lundu
VELKOMIN
ÚT Í SKÓG
24.JÚNÍ



STARFSFÓLK OKKAR



Einar Örn Jónsson – ej@skog.is, 895-6061
Garðyrkjufræðingur – Verkefnastjóri
Ritstjóri Laufblaðsins, umsjón með sjálfbóðaliðum
- jólatré



Hrefna Einarsdóttir – hrefna@skog.is, 899-6833
Skrifstofustjóri
Skipulagning aðalfundar



Narfi Hjartarson – narfi@skog.is - 863-6412
Skógfræðinemi – Umsjónarmaður
Umsjón með sjálfbóðaliðum, verklegar framkvæmdir,
jólatré




Þórveig Jóhannsdóttir – thorveig@skog.is, 858-7851
Skógfræðingur - Verkefnastjóri
Samningar, landfræðileg upplýsingakerfi,
Avenza-námskeið


Brynjólfur Jónsson – bj@skog.is, 820-2113
Skógfræðingur - Framkvæmdastjóri
Skógræktarritið, Opinn Skógur



Elisabeth Bernard - elisabeth@skog.is, 783-9531
Mannfræðingur - Verkefnastjóri
Aðstoð við skógræktarfélagin - Skógarmatur verkefni
- Gísitheimili á Úlfjótavatni



Jón Ásgeir Jónsson – jon@skog.is, 865-3080
Skógfræðingur – Verkefnastjóri
Landgræðsluskógar - Kolviður - Líf í lundi
- Skógargatt - jólatré



Ragnhildur Freysteinsdóttir – rf@skog.is, 897-1010
Umhverfisfræðingur – verkefnastjóri
Aðstoðarritstjóri Skógræktarritsins, ritstjóri vefmiðla,
félagaskrá skógræktarfélaga, Kolviður (almennt), Yrkja



ÚTGÁFA



HAFA SAMBAND
Skógræktarfélag Íslands
Þórunnartún 6, 2. hæð
105 Reykjavík
551-8150
skog@skog.is



Við erum á samfélagsmiðlum – fylgist með okkur!

🌐 Skógræktarfélag Íslands - www.skog.is

📘 Skógræktarfélag Íslands - @skograektarfelag

📷 The Icelandic Forestry Association - @skograektarfelagislands

📺 Skógræktarfélag Íslands - @skograektarfelag

🌐 Icelandic Forestry Association